

REGLUGERÐ

um ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla.

Ráðstöfun afla tilgreindur í tonnum sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur		Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar		Fristunda-veiðar	Línui-vilnun	Nýliðun vegna grásleppu
	Tonn	Þorskígildis-tonn	Tonn	Tonn	Þorskígildis-tonn	Tonn	Tonn	Tonn
Þorskur	517	435	1.070	3.365	2.827	75	400	0
Ýsa	199	118	2.500	1.292	770	0	800	0
Ufsi	153	78	1.300	993	509	0	0	0
Steinbítur	24	9	200	157	58	0	145	0
Gullkarfi	93	50	500	605	327	0	30	0
Keila	18	4	100	114	28	0	30	0
Langa	13	5	100	85	34	0	30	0
Grásleppa	0	0	0	0	0	0	0	35

2. gr.

Sérstök úthlutun til skel- og rækjubáta.

Við útreikning uppbóta vegna rækjubáta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1996/1997–2005/2006 að frádregnum afla í rækju fiskveiðiársins 2024/2025 á viðkomandi svæði að teknu tilliti til heildarráðstöfunar skel- og rækjubóta skv. 1. gr.

Við útreikning uppbóta vegna skelbáta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðafla áranna 1998 til 2007 að teknu tilliti til heildarráðstöfunar skel- og rækjubóta skv. 1. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2025. Verðmætastuðull er 0,52 miðað við þorskígildi fyrir rækju og 0,32 miðað við þorskígildi fyrir hörpudisk. Uppbæturnar í þorskígildistonnum skulu skiptast á tegundir tilgreindar í 1. gr. að grásleppu undanskilinni samkvæmt eftirfarandi töflu:

Úthlutun/bátar	Þorskígildistonn
1. Úthlutun til rækjubáta:	370
Frá Arnarfirði	42
Í Ísafjarðardjúpi	124
Við Húnaflóa	50
Við Skagafjörð	51
Á Skjálfanda	23
Við Öxarfjörð	67
Á Eldeyjarsvæði	8
Í Norðurfjörðum Breiðafjarðar	5
2. Úthlutun til skelbáta:	330
Frá Arnarfirði	2
Við Húnaflóa	11
Við Breiðafjörð	308
Við Hvalfjörð	8
Samtals:	700

3. gr.

Ráðstöfun og nýting línuívilnunar.

Línuívilnun skal skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

Tegundir/ tímabil	September – nóvember	Desember – febrúar	Mars – maí	Júní – ágúst	Samtals
Þorskur	128	149	93	30	400
Ýsa	351	250	89	110	800
Steinbítur	12	13	100	20	145
Gullkarfi	5	5	9	11	30
Keila	8	5	8	9	30
Langa	9	6	8	7	30

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir fyrir viðkomandi ráðstöfun. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

4. gr.

Gildistaka og lagastöð.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr., 8. gr., 10. gr., 10. gr. a, og 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 929/2025, um um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á fiskveiðiarinu 2025/2026.

Innviðaráðuneytinu, 21. nóvember 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Aðalsteinn Þorsteinsson.